



## Leiðbeiningar um þrif á setlaugum.

### Þrif á setlaugum.

Með þrif á setlaugum gildir það lögmál, því oftast sem setlaugin er þrifin því hreinni er hún. Ýmis óhreinindi vilja koma í setlaugina, húðflögur, hár, flugur, laufblöð, sandur, mold o.fl. Ef ekkert lok er á setlauginni ber meira á óhreinindum en ella. Ef sírennsli er í setlauginni eða sama vatnið notað lengi fer að bera á óhreinindum við vatnsyfirborð (vatnsrönd) og á ristum fyrir yfir og niðurföll og á nuddstútum. Ef setlaug er ekki þrifin reglulega eða nógu vel þá verður erfiðara að ná þessum óhreinindum burt seinna. Vandinn hverfur ekki heldur eykst ef ekkert er gert. Því skiptir máli að halda setlauginni vel hreinni, alltaf. Því fyrr sem óhreinindi eru þrifin burt því minni hættu er á því að þau festist og erfiðara verði að ná þeim burt.

### Setlaug fyllt og tæmd eftir notkun.

Þegar setlaug er fyllt, notuð og svo tæmd aftur eftir notkun samdægurs er vatnið eins hreint og það getur orðið. Gott er að allir fari í sturtu áður en farið er í setlaugina en það er ekki nauðsynlegt þar sem vatnið verður bara notað í þetta eina skipti, setlaugin tæmd eftir notkun. Best er að skola setlaugina með vatni t.d. með garðslöngu áður en vatn er látið renna í hana. Alltaf geta smá óhreinindi verið komin í setlaugina síðan hún var notuð síðast og eins getur verið hættu á að óhreinindi hafi safnast fyrir í niðurfalli. Gott er einnig að skola umhverfi og lok setlaugarinnar. Það er til þess að sandur, mold og gras berist síður með fótum ofaní setlaugina. Eftir að setlaug hefur verið tæmd þarf ekki endilega alltaf að nota hreinsiefni til að þrifa heldur ætti að duga að skola setlaugina með köldu vatni t.d. með garðslöngu. Þannig helst setlaugin hrein og er klár til notkunar aftur. Nauðsynlegt er að þrifa setlaugina af og til með hreinsiefnum og svampi. Ef setlaugin er hrein, er nóg að nota daufar blöndur af hreinsiefnum t.d. uppvottalög. Gott er einnig að nota umhverfisvæn hreinsiefni sem brotna auðveldlega niður í nátturunni þar sem lagnir úr setlauginni eru oftast tengdar við þakrennulagnir í húsum eða þá vatnið er látið renna beint út í náttúruna en ekki í rotþró ef um dreifbýli er að ræða. Þrifa skal þá líka umhverfi og lok setlaugarinnar þar sem þar safnast líka óhreinindi.

## Sírennsli í setlaug.

Sama verkferli á við hér þegar fylla á setlaugina í upphafi og hér að ofan. Ef sírennsli er í setlauginni kviknar í flestum tilfellum líf í vatninu. Vatnið endurnýjast aldrei að fullu á einum sólarhring þó það sé sírennsli. Hár, húðflögur og annað tilfallandi sem kemur af mannfólkinu verður oft eftir í setlauginni og hjálpar það til að gera vatnið óhreint. Sandur, mold, gras o.fl sem kemur með fótum notenda eða fýkur ofaní setlaugin þegar hún er opin, sekkur til botns og fer ekki út með vatninu um yfirfallið og veldur því að vatnið er síður hreint. Hægt er að draga úr því með því að skola vel umhverfi setlaugarinnar áður en farið er í setlaugina og að allir fari í sturtu áður en farið er í setlaugina.

Flestir sem notast við sírennsli lenda í því eftir nokkra daga að líf hefur kviknað í vatninu og setlaug verður hál að innan. Sumir lenda einnig í því að vatn verður líka grænleitt og eykst það með hverjum degi ef ekkert er gert. Ber meira á þessum vanda yfir sumartímann og ef ekki er notast við lok á setlauginni. Þetta fer aðeins eftir hjá hvaða Hitaveitu vatnið er fengið, vatnið er ekki það sama allstaðar á landinu. Með sírennsli skapast líka sá möguleiki að það komi vatnsrönd á setlaugina þar sem yfirborð vatnsins er. Þar sem vatnið er alltaf í sömu hæð og sólarljósið nær að skína á vatnið skapast sá möguleiki að litamunur kemur á setlaugina. Óhreint vatn eykur á þann möguleika. Mjög erfitt getur verið að ná þessum litamuni í burtu og skiptir þá engu máli úr hvaða efni setlaugin er byggð. Sumir hafa notað grænsápu eða daufa klórblöndu til að ná þessum litamun burt. Besta ráðið er að tæma setlaugina ca einu sinni í viku eða oftár og skola hana. Þetta er gert til að endurnýja vatnið alveg og hreinsa setlaugina. Sumir hafa notast við klórtöflur til að halda vatninu hreinu. Fljótvirkar klórtöflur sem leysast upp á nokkrum mínutum (henta betur fyrir hitaveitu setlaugar) eða seinvirkar klórtöflur sem eru hafðar í þar til gerðu fljótandi hylki sem hægt er að stjórna hversu hratt töflurnar eyðast upp (henta betur fyrir rafhitaðar setlaugar). Klórvökvi hentar líka fyrir hitaveitu vatn. Einnig eru í boði önnur efni sem gera sama gagn en eru án klórs. Ekki þarf að reikna með stórum skömmtum af þessum efnum. Best er að setja þessi efni út í vatnið eftir að fólk hefur farið uppúr setlauginni til að fyrirbyggja eituráhrif af efnunum á húð fólks. Fylgjast skal samt með að fljótvirkar klórtöflur leysist upp í vatninu til að fyrirbyggja skemmdir á setlaug. Ef nuddkerfi er í setlauginni, skal setja það í gang í smá tíma til að fá klórvatn inní nuddlagnir.

Þegar tæma á setlaugina getur verið gott að strjúka yfir setlaugina með svampi áður en farið er uppúr og setlaugin tæmd. Annar möguleiki er að fara uppúr, setja smá klór í vatnið og strjúka yfir setlaugina með mjúkum kústi með löngu skafti þannig að mögulegt er að strjúka yfir botninn líka. Tæma svo setlaugina og skola með garðslöngu.

Ef reiknað er með að stoppa rennsli á vatninu í einhvern tíma þá er betra að tæma líka setlaugina og skola. Vatn verður óhreint ef það er látið standa einhvern tíma, auk þess að það verður líka orðið kalt. Nauðsynlegt er að þrifa setlaugar af og til með hreinisefnum. Mikið úrval er af allskonar hreinsiefnum en oftast dugar bara uppþvottalögur til að sápuþvo setlaugar. Varast skal að nota mjög sterka klórblöndu þó gott er að nota klór af og til. Gott er líka að nota umhverfisvæn sóttahreinsiefni þar sem þetta vatn á jú eftir að renna út í náttúruna. Nauðsynlegt er líka að þrifa lok og annan búnað af og til.

### **Rafhitaðar setlaugar.**

Sama verkferli á við hér þegar fylla á setlaugina í upphafi og hér að ofan. Skola þarf setlaug, lok og umhverfi vel áður en setlaugin er fyllt af vatni. Athuga síubúnað og skipta um síur ef þess þarf. Eftir að setlaug er orðin full, þá má reikna með að það vatn verði í setlauginni í langan tíma og því skiptir máli að ganga vel um setlaugina og halda henni eins hreinni og hægt er. Það er gert með því að allir fari í sturtu áður en farið er ofaní setlaugina til að minnka húðflögur, hár og önnur óhreinindi sem fellur til af mannfólkinu. Umhverfi kringum setlaugina þarf að halda eins hreinu og hægt er og jafnvel notast við gúmmimottur til að fyrirbyggja að sandur, mold og önnur efni berist með fótum notenda í setlaugina þegar gengið er kringum setlaugina. Nauðsynlegt er að hafa lok til að hindra að sandur, mold, laufblöð og annað sem fýkur um geti borist í setlaugina og óhreinnað vatnið. Síubúnaður þarf að vera í lagi, bæði grófsía og fín sía.

Passa þarf að rétt hreinsiefni og rétt magn af því sé til staðar í vatninu. Í flestum tilfellum er notast við seinvirkar klórtöflur sem eru settar í þar til gert flothylki sem flytur á yfirborði vatnsins. Hylki þetta tekur nokkar töflur og er stillanlegt þannig að hægt er að stjórna hversu hratt töflurnar eyðast upp. Eins er hægt að notast við önnur efni sem ekki innihalda klór fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir klór efnum. Ef blöndun er of veik hreinsast vatnið ekki nógu vel og ef blanda er of sterk getur það orsakað slys, skemmdir á setlaug og loki. Lítil börn hafa tilhneigingu til að vilja drekka vatnið og þá má t.d. klórblanda ekki vera of sterk. Eins getur of sterk klórblanda eyðilagt einangraða lokið, étið upp leðurlíki og sauma. Uppgufun af of sterku klórvatni er stór varasöm. Því skal vera til staðar mælitæki til að athuga styrkleika vatnsins svo mögulegt er að kanna hvort of mikil klór er í vatninu. Sama hugsun á líka við um önnur efni sem ekki innihalda klór. Það þarf að vera hægt að kanna styrkleika vatnsins og bæta við eða draga úr styrkleika efnana sem notuð eru. Mælt er með því að setlaug sé tæmd að lármarki einu sinni í mánuði, til þess að fá alveg nýtt vatn. Ekki skal eingöngu treysta á hreinsefni og síur til að viðhalda hreinleika vatnsins. Gamalt og fúlt

vatn er eitthvað sem engin vill sitja í og möguleikar hreinsiefna og búnaðar til hreinsunar á vatni eru takmörk sett.

Þegar setlaug er tæmd er gott að þrifa hana, lok og umhverfi vel með viðeigandi efnum og skola svo vel með vatni. Ef slökkt er á hitunarbúnaði og dælubúnaði er best að tæma líka setlaugina þar sem virkni hreinsiefna og sía hættir að virka ef engin hreyfing er á vatninu. Auk þess sem vatnið verður kalt og ástæðulaust að byrja aftur á að hita upp gamalt vatn, betra að setja nýtt vatn í setlaugina. Með því að skipta oftari um vatn endast síur lengur og notkun hreinsiefna minnkar. Hreinna vatn og eins lítil notkun hreinsiefna og hægt er að komast af með eykur vellíðan notenda.

### **Setlaugar upphitaðar með öðrum aðferðum.**

Möguleikar til upphitunar á vatni fyrir setlaugar án þess að notast við hitaveitu eða rafhitun eru nokkrir. Er helst að nefna, viðarkamínu, varmadælu, gas eða steinolíu. Með þær setlaugar gildir sama hugsun og með hitaveitu eða rafhitun. Sjá leiðbeiningar með þeim upphitunaraðferðum.

### **Nuddbúnaður.**

Ef nuddbúnaður er í setlauginni þarf að þrifa þann búnað af og til eins og setlaugina. Það vill setjast óhreinindi í allar slöngur og nuddstúta og gott er því að þrifa þá um leið og setlaugin er þriffin. Það er gert með því að passa að allir nuddstútar séu opnir og setja kerfið í gang með t.d. klór blönduðu vatni áður en setlaug er tæmd. Passa þarf styrkleika þeirra efna sem notuð eru og varast að nota sterkar blöndur. Eftir að setlaug er orðin tóm, skal skola hana vel með köldu vatni til að losna við öll þau hreinsiefni sem notuð voru.

Nuddbúnaður frá NORM-X er hannaður með t.d þrif í huga. Nuddstútar eru staðsettir þannig og lagnir lagðar þannig að ekkert vatn ætti að sitja eftir í lögnum eftir að setlaug hefur verið tæmd. Einfalt er því að þrifa og sótthreinsa lagnir fyrir nudd. Með því að keyra t.d. klórblandað vatn gegnum nuddstúta og lagnir áður en setlaug er tæmd er hægt að viðhalda hreinleika kerfisins og betri gæðum á vatninu næst þegar setlaug er notuð.

Margar tegundir rafhitaðra setlauga sem seldar eru tilbúnar til notkunar með fjölda nuddstúta, eru oftast með allar lagnir sem „U“ lögun á milli nuddstúta. Það hefur þann ókost að lagnir tæmast ekki þó setlaug sé tæmd. Vatn sem situr í þessum lögnum getur því frosið yfir vetrartímann og yfir sumartímann verður þetta vatn óhreint og fúlnar ef setlaug stendur tóm lengi. Mjög erfitt getur verið að ná óhreinindum burt úr þessum lögnum. Hætta er á að þegar setlaug er fyllt næst af vatni og nuddkerfi sett í gang, þá getur hent að þessi óhreinindi

losni úr lögnum eða gamalt vatn sem setið hefur í nuddlögnum blandist því nýja vatni sem komið er í setlauginu. Við það verður nýja vatnið strax óhreint og styttir það líftíma síubúnaðar auk þeirra óþæginda sem notendandinn hefur af óhreinu vatni. Því getur verið nauðsynlegt í sumum tilfellum að fylla setlauginu aftur af vatni eftir tæmingu og þrif, eingöngu til að geta sett nuddkerfi í gang og ná leifum af hreinsiefnum og óhreinindum úr lögnum. Tæma svo setlaug og fylla hana aftur til notkunar. Því er mikilvægt að sinna þrifum á nuddbúnaði reglulega.

## **Áhöld og hreinsiefni.**

Algengustu áhöldin sem notuð eru við þrif á setlaugum eru t.d. hanskar, stígvél, mjúkir burstar, svampar, fata, úðabrúsi og garðslanga.

Varast skal að nota bursta sem eru með hörðum hárum þar sem það getur gert fínar rispur í yfirborð setlaugarinnar og minnkað glansinn á yfirborðinu. Gott er að nota mjúkan bursta eða svampa til að nudda og strjúka yfir setlauginu þegar hún er þrifin. Margir hafa það sem reglu að strjúka yfir setlauginu með svampi áður en farið er uppúr, sérstaklega ef um sírennsli er að ræða. Sumir hafa notast við lítinn háf til daglegra nota við að ná laufblöðum og öðru smá hlutum sem fljóta í yfirborðinu. Ekki er ráðlegt að notast við háþrýstidælu við þrif á setlaugum þar sem hætta er á að farið yrði of nálægt með dælustútinn og þá gæti vatns krafturinn skemmt yfirborð setlaugarinnar. Ýmist er hægt að nota fötu eða úðabrúsa til að bera hreinsiefnin á yfirborð setlaugarinnar en mælt er með að strjúka yfir með svampi í kjölfarið til að auka virkni efnanna. Mælt er með að fólk noti hlífðar hanska við þrif á setlaugum til að fyrirbyggja slys og særindi á höfund. Huga skal að klæðnaði við þrif á setlaugum. Gott er að notast við stígvél og regngalla við þrif og ekki skal vera í sparifötum þar sem sterk hreinsiefni eins og t.d. klór getur eyðilagt klæðnað.

Mikið úrval er til af hreinsiefnum. Ráðlagt er að kynna sér vel þær leiðbeiningar sem fylgja hreinsiefnunum og fara eftir þeim leiðbeiningum til að fyrirbyggja slys á fólki og skemmdir á setlaug og umhverfi.

Taka þarf tillit til veðurfars þegar setlaug er þrifin með hreinsiefnum. Ekki er mælt með að þrifa setlaug þegar sólskin er sterkt þar sem hreinsiefnin þorna fljót á yfirborði setlaugarinnar og geta valdið skemmdum og misst virkni sína. Betra að þrifa þegar rigning eða skýað er til að efnin sem notuð eru hafa smá tíma til að vinna. Eins er varasamt að nota sterk efni eins og t.d. klór þegar enginn vindur er þar sem uppgufun er lítil og uppgufun af klór er stór varasamur fyrir öndunarfæri og húð. Smá vindur kemur í veg fyrir að sá sem þrífur andi að sér hættulegum gufum af þeim hreinsiefnum sem notuð eru hverju sinni. Fáanleg eru þó mörg efni sem eru umhverfisvæn og síður hættuleg

fyrir öndunarfæri en t.d. klór. Oftast duga þær sáputegundir sem eru til á öllum heimilum eins og t.d. uppvottalögur. Ef notast er við klór þá skal varast að hafa blönduna sterka. Þetta á reyndar við um öll efni, ekki byrja með sterka blöndu af efnunum nema þau séu tilbúin og þurfa ekki að þynnast út með vatni. Sífelld eykst úrvalið af umhverfisvænum hreinsiefnum og sótthreinsiefnum sem fara betur með setlaugar, mannfólk og umhverfi heldur en sterk efni eins og t.d. klór. Eins er til mikið úrval af öðrum efnum sem gera sama gagn en innihalda ekki klór. Þetta eru efni sem eru ýmis í töfluformi eða fljótandi formi. Þessi efni henta betur fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir klórefnum. Við setlaugar með sírennsli og rafhitaðar setlaugar er oft notast við klórtöflur, bæði fljótvirkar klórtöflur sem leysast upp á nokkrum mínutum og svo seinvirkar sem eru þá settar í fljótandi box sem flytur í yfirborði setlaugarinnar.

Með því að nota lok helst setlaugin og vatnið sem er í setlauginni hreinna og sólarljósið hefur síður áhrif á lífið í vatninu. Ekkert kemur þó alveg í veg fyrir að setlauginn haldist alltaf hrein, nauðsynlegt er að þrifa setlaugina af og til. Oftast dugur bara garðslanga til þeirra verka og því er nauðsynlegt að aðgengi að garðslöngu við setlaugina sé sem þægilegst. Margir hafa komið sér upp útisturtu við setlaugina til að nota áður og eftir að farið er í setlaugina. Þannig er hægt að viðhalda betur hreinleika vatnsins í setlauginni, sérstaklega ef notað er sírennsli í setlaugina eða um er að ræða rafhitaða setlaug.

### **Lokaorð.**

Hrein setlaug og hreint vatn eykur ánægju og vellíðan notendands við notkun á setlauginni. Með því að sinna sem oftast þrifum á setlauginni (því oftar því betra) minnkar líkur á að þurfa að nota sterk hreinsiefni sem geta farið illa með húð fólks og skemmt yfirborð setlaugarinnar.